

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Ellisif Malmo Bjarnadóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 24. nóvember 2022  
UST202210-261/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 og deiliskipulagi fyrir Austurey I og III - Eyrargata 9 - Illósvegur 6.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 og deiliskipulagi fyrir Austurey I og III vegna Eyrargötu 9 og Illósvegur 6.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að felldur er út hluti Vagnabrautar og umferð beint um Austurveg í staðinn. Auk þess er skilgreindur reitur fyrir verslun og þjónustu (VP48) á lóð Eyrargötu 9 þar sem er heimilt að leigja frístundahús til gesta og er hámarks gestafjöldi allt að 15. Reitur fyrir frístundabyggð F40 minnkar því um 1 ha og fækkar lóðum úr 22 í 21.

Einnig er gerð breyting á deiliskipulagi fyrir svæðið þar sem lóð Eyrargötu 9 verður gistihús í stað frístundahúss. Auk þess er afmörkun lóðar og byggingarreits fyrir Illósveg 6 breytt og byggingarmagn minnkað úr 174 m<sup>2</sup> í 55 m<sup>2</sup>, en þar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir þá sem stunda útivist á vatninu.

#### **Baðstaðir í náttúrunni**

Umhverfisstofnun telur að pottar/laugar, sem eru hér til umfjöllunar, geti fallið undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni en markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreining á náttúrulegum sé skýrari í tillögunni og tekið sé mið af 3. gr. ofangreindrar reglugerðar þar sem fjallað er um skilgreiningar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þetta komi fram í tillögunni.

#### **Apavatn**

Í greinargerð er fjallað um verndargildi Apavatns og hugmyndir í tillögunni varðandi uppbyggingu og nýtingu afrennslis úr hvernum og vatns úr heitavatnsborholu. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að helstu ógnir vegna framkvæmda við Apavatn að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) eru vaxandi frístundabyggð, ferðamennska og hætta á mengandi frárennslis. Aðrar ógnir stafa af íbúabyggð, framræslu, hrossabeit, skógrækt, jarðhitanýtingu, vegagerð og bílaumferð.

Aðgerðir til verndunar að mati NÍ eru að tryggja að ekki verði byggt of nærri vatns- og árbökkum. Til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða þarf að tryggja að jaðarsvæðum þeirra sé ekki raskað í að minnsta kosti 100 m fjarlægð frá þeim. Gæta að mengun frá íbúa- og frístundabyggð og tryggja að jarðhitanýting spilli ekki sérstæðum jarðhita-svæðum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Porkelsdóttir  
*sérfræðingur*